Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

MARS 2018

3. tbl. 25. árg.

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við séra Kristján Búason, félaga í Rótarý Breiðholt

Þrjár hverfishetjur í Breiðholti

- Hafsteinn, Luis Lucas og Bragi útnefndir

Þrjár hverfishetjur voru valdar úr hópi 30 sem tilnefndar höfðu verið til þessarar nafnbótar. Hverfisráð Breiðholts óskaði eftir tilnefningunum og valdi að þessu sinni hetjurnar Hafstein Vilhelmsson, Luis Lucas Antonio Cabambe og Braga Björnsson.

Framhald á bls. 2.

Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri, Bragi Björnsson, hverfishetja, Luis Lucas Antonio Cabambe, hverfishetja, Hafsteinn Vilhelmsson, hverfishetja og Guðrún Eiríksdóttir, formaður hverfisráðs.

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
–einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

NAUTAKJÖT Á TILBOÐI

Nautainnralæri 3.998 kr/kg
Nautafille 4.798 kr/kg
Nauta rib-eye 4.535 kr/kg
Nautagúllas 2.499 kr/kg
Nautasnitsel 2.699 kr/kg
Nautalund 6.614 kr/kg

Nýtt í kjötborði:
Djúpsteiktar franskar kartöflur

SELJAKJÖR
– KAUPMAÐURINN Á HORNINU –

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
3. tbl. 25. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Miklar skemmdir á Breiðholtskirkju

- ófyrirsjáanlegur kostnaður við viðgerð
- rætt um að sameina Breiðholts- og Fella- og Hólasóknir

Breiðholtssöfnuður fékk nýlega styrk úr Kirkjumálasjóði til þess að meta skemmdir er orðið hafa í áranna rás á Breiðholtskirkju. Skemmdirnar eiga sér langa sögu eða nánast frá því að byggingu hennar lauk. Byggingin er að verulegum hluta gerð úr límtré þar sem tólf límtrésbitar bera hana uppi. Fljótlega kom lekavandamál í ljós og þurfti að klæða bitana með stáli sem kostaði verulega fjármuni. Ekki tókst þó að koma í veg fyrir lekann sem orðin er það mikill að í nokkur ár hefur þurft að setja fötur á gólfið til þess að taka við leka ofan úr loftinu. Svo rammt hefur kveðið að þessu að til vandræða hefur horft við kirkjulegar athafnir.

Erfitt hefur reynst að fá fjármuni til þess að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir. Ljóst er að þær verða kostnaðarsamar en engu að síður nauðsynlegar eigi kirkjan ekki að verða ónýt. Nokkuð hefur tekist að halda í horfinu með bráðabirgðaviðgerðum sem flestar hafa verið unnar af miklum vanefnum og ekkert annað en smávægilegir plástrar á stór sár. Ekkert bendir til að að unnt verði að hefja vinnu við varanlegar viðgerðir og styrkurinn sem veittur hefur verið miðast að mestu við undirbúningsvinnu, einkum við mat á framkvæmdaþörf.

Breiðholtssöfnuður er fámennasti söfnuðurinn á höfuðborgarsvæðinu og hefur ekki bolmagn til þess að sjá um viðhald á kirkjunni. Sóknargjöld standa vart undir rekstri kirkjunnar án þess að við bætist mikil og kostnaðarsöm viðhaldsvinna við kirkjubyggingunna. Sökum fámennis safnaðarins hefur verið rætt um hvort rétt væri að sameina Breiðholtssókn og Fella- og Hólasókn. Endanlega ákvarðanir hafa ekki verið teknar en talið er að rekstur Breiðholtssóknar verði tæpast sjálfbær til frambúðar þótt viðhaldskostnaður á kirkjubyggingunni sé ekki tekinn inn í dæmið. Fari svo að sóknirnar verði sameinaðar vakna spurningar um hvað verði um Breiðholtskirkju. Á þessari stundu virðist ekki áhugi fyrir því að afleggja hana sem kirkju eða að selja kirkjuhúsið. Heldur að nýta báðar kirkjurnar fyrir sameinaðan söfnuð. Fella- og Hólakirkja er stór bygging með góðri aðstöðu fyrir margskonar kirkjustarf og annað félagsstarf. Og þá vakna spurningar um hvort sameinaður söfnuður hefur bolmagn og vilja til þess að gera við Breiðholtskirkju eða hvar fjármuni megi finna til þess verks. Og spurning er einnig um álit sérfróðra manna. Hvert kostnaðarmat þeirra verður og hvort kirkjan sé ef til vill of illa farin til þess að talið verði fært að gera við hana eða endurbyggja að hluta.

Bóka- og menningarstöð Reykjavíkur

Ígráma morgunsins taka tölvupóstarnir að streyma að. Kynningarstjórar – fólk sem fer með markaðsmál, flytur fundarboð og síðast en ekki síst þeir sem kynna og fræða um menningarlega viðburður taka daginn snemma. Láta vita um hvað fólki býðst á því sviði á hverjum tíma.

Upplýsingastjórar Borgarbókasafnsins eru þeirra á meðal. Vakandi yfir hverju smáu sem stóru sem fólki býðst að sækja og njóta á hverjum tíma. Daglega stundum oft á dag berast boð frá þeim um margvíslega viðburði sem í boði eru – í höfuðstöðvunum við gömlu Reykjavíkurhöfn, í Gerðubergi í Breiðholti og öðrum starfsstöðvum safnsins víðs vegar um borgina.

Starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur hefur tekið miklum breytingum á undra skömmum tíma. Hún hefur breyst úr útlánum á bókum í að gegna hlutverki alhliða menningarmiðstöðvar. Menningarmiðstöðvar fyrir miðlun lesefnis en einnig fyrir margvíslega viðburði á sviði ritlistar, myndlistar og tónlistar sem annarra listgreina.

Heitið Borgarbókasafn er þegar farið að vísa í liðna tíma og hugtakið bókavörður er ekkert annað en tímaskekkja. Þessi stofnun er fyrst og fremst „Bóka- og menningarstöð Reykjavíkur" og starfsfólkið er upplýsingamiðlarar margskyns fróðleiks og menningar.

Miðlun lesefnis verður þó áfram stór hluti starfseminnar. Sú staðreynd heggur í landann að lestrarkunnátta sé á undanhaldi – jafnvel svo að þriðjungshluti ungra karlmanna geti ekki lesið sér til gagns. Þetta er ógnvekjandi. Þarna þurfa menntamálayfirvöld, skólar, hinar öflugu menningarstofnanir sem orðið hafa til upp úr gömlu bókasöfnunum og síðast en ekki síst útgáfa barnabóka að taka höndum saman svo um munar.

Þrjár hverfishetjur í Breiðholti

Framhald af forsíðu.

Hafsteinn var tilnefndur fyrir að hafa gefið sig allan í skapandi félagsmiðstöðvastarf í Breiðholti síðastliðin tíu ár, þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur sett á svið leikrit, staðið fyrir kvikmyndahátíðum, tónleikum, hæfileikakeppni og mörgu fleiru í frístundamiðstöðinni Miðbergi.

Luis var valinn vegna þess að hann er góð fyrirmynd fyrir börnin í hverfinu. Hann hefur kennt dans hjá Dansskóla Brynju Péturs og þess vegna er hann vel þekktur í hverfinu. Luis hefur einstaka hæfileika og er tilbúinn til að deila reynslu sinni og tíma auk þess sem hann fær alltaf aðra til að brosa.

Bragi rak íþróttabúðina Leiksport í Hólagarði í tæp 30 ár og gaf hverfinu lit. Búðin átti marga fastakúnna og átti Bragi góð samskipti við alla viðskiptavini sína og íþróttafélögin ÍR og Leikni. Hlýtt viðmót og sanngjarnt verð hjá Braga verður í minnum haft nú þegar hann hefur hætt rekstri í Hólagarði. Formaður hverfisráðs, Guðrún Eiríksdóttir og Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri afhentu verðlaunin nú í vikunni í Mjóddinni þar sem gestir og gangandi gátu glaðst með hverfishetjum. Markmiðið með verðlaununum er að þakka þessu fyrirmyndarfólki fyrir framlag þeirra til samfélagsins og efla félagsauð í Breiðholti.

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac
þekking og reynsla
- Office 365 þjónusta
- Gagnabjörgun og afritun
- Umsjón tölvukerfa
- Vefsíðugerð og umsjón
- Tölvuviðgerðir
- Tölvur og jaðarbúnaður

Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

nokian TYRES

KEYRÐU Á ÖRYGGI!

Kauptu Nokian gæðadekk á frábæru verði

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt allskonar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða og tryggir öryggi farþega bílsins.

*FAST VERÐ

MAX1 BÍLAVAKTIN

Bíldshöfða 5a
Reykjavík
S. 515 7190

Jafnaseli 6
Reykjavík
S. 515 7190

Dalshrauni 5
Hafnarfirði
S. 515 7190

Opnunartími:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga sjá MAX1.IS

MAX1.IS

VIÐTALIÐ

Þurftum lítið að sækja út fyrir Breiðholtið

- annað en vinnu segir séra Kristján Búason fyrrum dósent og íbúi í Breiðholtinu í fjóra áratugi

Séra Kristján Búason prestur og síðar dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands hefur búið í Breiðholtinu því efra allt frá árinu 1978. Hann hefur einnig verið virkur félagi í Rótarý Breiðholt frá upphafi. Í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins var fjallað nokkuð um klúbbinn en á þessu ári verða liðin 35 ár frá stofnun hans og einnig í tilefni Rótarýdagsins sem var 24. febrúar sl. Breiðholtsblaðið heimsótti séra Kristján og var spjallað um Breiðholtið, Rótarýhreyfinguna og þar sem fyrrum dósent í guðfræði á í hlut var hugsað til þeirrar kirkjulegu hátíðar sem fram undan er, páskanna.

En hver voru tildrög þess að Kristján flutti með fjölskyldu sína í Breiðholtið á þessum tíma, kominn heim eftir búsetu erlendis og starfandi í Háskóla Íslands. „Hann var sá að við höfðum búið í Uppsala í Svíþjóð í um áratug þangað sem ég fór í framhaldsnám í guðfræði og starfaði síðan þar um tíma. Áður hafði ég sinnt prestsskap í Ólafsfirði í sjö ár og verið stundakennari við Háskóla Íslands Eftir Svíþjóðardvölina vorum við orðin sjö manna fjölskylda og þurftum því nokkurt pláss. Til að byrja með leigðum við íbúð af Þórði bróður mínum fyrrum skipulagsstjóra á Seltjarnarnesi við Kaplaskjólsveginn í Vesturbænum í Reykjavík. Svo fór Þórður að byggja á Seltjarnarnesi og þurfti þá að selja búðina. Þá hófum við leit eftir hentugu húsnæði fyrir stóra fjölskyldu og þeirri leit lauk hér við Torfufellið í Efra Breiðholti. Fjölskyldan sem byggði þetta raðhús í kringum 1973 setti það í sölu. Við keyptum. Fluttum upp eftir og ég er búinn vera hér síðan. Einn síðustu tvö árin eftir að konan féll frá.“

Man bæði gróðurleysi og snjóþyngsli

Eftir kaffisopa var haldið áfram að ræða um Breiðholtið. Kristján segir að margt hafi breyst í þessum efri byggðum á fjórum áratugum. „Þegar við komum hingað var engan gróður að finna annan en runna og limgerði á baklóðum húsa þar sem fólk var að hlú að þeim. Þá voru líka meiri snjóalög en hafa verið undanfarin ár. Einn veturinn snemma á níunda áratugnum urðum við um tíma að leggja bílunum við Fálkahólinn þar sem Jaðraselið og Breiðholtsbrautin mætast og ganga hingað yfir í Torfufellið því erfitt reyndist að halda Suðurfellinu eða húsagötunum opnum. Ég man eftir því að dóttir mín sem var búsett í Svíþjóð kom heim um jól og við urðum að bera farangurinn hennar í veg fyrir leigubíl, sem ók henni niður að Hótel Loftleiðum þar sem flugvallarrúturnar stoppuðu á þeim tíma þegar hún fór. Það var enginn leið fyrir hann að koma hingað heim að húsinu. Um þau jól og áramót hurfu bílar við suma bílskúrana hér undir snjó. Þetta minnti mig á árin okkar í Ólafsfirði sem er með snjóþyngri byggðum hér á landi. En synirnir glöddust yfir þessu og renndu sér á skíðum héðan að heiman og allt niður í Elliðaárdal.“

Strætisvagninn var yfirfullur af fólki

Kristján rifjar upp ferðir með strætó til og frá Breiðholtinu og segir fólksmergðina sem stundum hafi verið í vögnunum síðdegis þegar flestir voru á leið heim hafa orðið til þess að þau hjónin festu kaup á bíl. „Á þessum árum starfaði ég við Háskóla Íslands og tók oft strætó við Þjóðminjasafnið sem er skammt frá Háskólanum. Oft bar svo við þegar komið var að heimfarartíma á daginn að strætisvagninn var yfirfullur af fólki. Konan mín starfaði þá niður í miðbæ og við hittumst of í vagninum á leiðinni heim. Stundum kom fyrir að ekkert pláss var í vagninum annað en að standa í tröppunni þar sem fólkið fór upp í hann og þá varð maður að stíga út til þess að hleypa fleirum inn þegar hann stoppaði. Þetta gat stundum minnt mann á síld í tunnu. Við gáfumst upp á að nota vagnana og keyptum bíl.“

Flesta daglega þjónustu var að fá í Breiðholtinu

Kristján segir að fyrir utan að hafa stundað vinnu á vestur og miðborgarsvæðinu hafi þau þurft lítið út fyrir Breiðholtið. Þar hafi flesta þjónustu verið að finna. Verslanamiðstöð með pósthúsi var í Bökkunum til að byrja með og svo kom fjölþætt þjónusta hingað í nágrennið þegar verslunarmiðstöð reis við Eddufellið Iðufellið. Svo byggði Gunnar Snorrason sem verslað hafði um tíma við Eddufellið stórverslun í Hólagarði þar sem Bónus og fleiri fyrirtæki eru starfandi í dag. Þar var einnig pósthús sem ég þurfti oft að notfæra mér og þá gerðum við gjarnan innkaupin þar. Þegar Mjóddin efldist fluttist þjónustan að miklu leyti þangað og Mjóddin varð til þess að Breiðholtið varð nánast sjálfbært hvað alla þjónustu varðar. Þar var flest að finna sem fólk þurfti að sækja. Stóra matvöruverslun, banka, pósthús, apótek og síðar kom heilsugæslustöð og læknasetur. Þarna byggðist upp alhliða þjónustukjarni og að mestu leyti undir þaki. Síðar risu svo þjónustustofnanir og íbúðir fyrir eldri borgara bæði í Árskógum í Mjóddinni og í Skógabæ í Seljahverfinu. Ekki má heldur gleyma grunnskólunum, Fjölbrautaskólanum, tónlistarskólanum, menningarmiðstöðinni Gerðubergi og kirkjunum.“

Séra Kristján Búason fyrrum prestur og dósent í guðfræði.

Fyrsti ritari Rótarý Breiðholt

Kristján hefur starfað með Rótarý Breiðholt frá stofnun hans. Hvernig kynntist hann Rótarýhreifingunni. „Það kom þannig til að þegar ég var prestur í Ólafsfirði var starfandi Rótarýklúbbur í bænum. Klúbburinn var undir forystu Brynjólfs Sveinssonar póstmeistara, sem lengi rak einnig verslun á Akureyri. og þar voru þekktir Ólafsfirðingar eins og Jóhann J. Kristjánsson sem var héraðslæknir og bróðir Sigurliða eða Silla sem var helmingurinn af Silla og Valda. Ásgrímur Hartmannsson sem á einn lengsta bæjarstjóraferil á landinu að baki kom einnig við sögu og fleiri heiðursmenn í byggðarlaginu. Þeir kölluðu mig til þegar ég kom í bæinn og ég varð síðan forseti klúbbsins árin 1963 til 1964 en forsetastarfið gengur frá manni til manns á milli ára. Ég hafði verið virkur félagi á árunum 1960 til 1965 og þegar ég flutti hingað í Breiðholtið 1978 hafði Guðmundur Sveinsson sem þá var rektor Fjölbrautaskólans í Breiðholti samband við mig. Rótarý Austurbær hafði þá fengið það verkefni að stofna Rotarýklúbb í Breiðholti. Ég þekkti til Guðmundar vegna þess að hann hafði verið prófdómari hjá mér í guðfræðideildinni en hann var sjálfur guðfræðingur að mennt þótt hann eyddi ævinni að mestu við fræðslumál og skólastjórn. Hann var þá að vinna að þessu máli og bauð mér að koma og gerast félagi. Þetta vannst vel enda Guðmundur eljumaður. Klúbburinn var stofnaður 12. desember 1983 og við vorum 27 sem byrjuðum í Rótarý Breiðholt og ég var fyrsti ritari klúbbsins.“

Fólk úr flestum starfsgreinum

Fyrir þá sem eru utanaðkomandi geta vaknað spurningar um hvernig hreyfing Rotarý er. Fyrir hvað hún sendur og hver eru verkefni hennar. „Þetta er starfsgreinahreyfing,“ segir Kristján. „Lögð hefur verið áhersla á að fá fólk úr ólíkum starfsgreinum til að koma í félagsskapinn. Hugmyndin að baki því er að leiða saman fulltrúa starfsgreina, fólk sem kemur úr ólíku umhverfi og markmiðið er að auka skilning fólks á störfum hvers annars og efla þjónustu við samfélagið. Rótarýklúbbar leitast einnig við að styðja við hin ýmsu verkefni í heimabyggðum sem og í hinu alþjóðlega samfélagi.“ Kristján flutti erindi um Rotarýhreifinguna í Rótarý Breiðholt fyrir rúmum áratug og síðar í Rótarý Árbæ. Erindið er mjög fróðlegt og ekki unnt að gera efni þess skil í stuttu viðtali. Í erindinu vék hann að hinu siðferðilega hlutverki hreyfingarinnar og fjallaði um „fjórprófið“ sem er einskonar grundvöllur rótarýstarfsins og byggist á fjórum spurningum sem hafa að geyma einfalda heimspeki og grunnstef hreyfingarinnar. Fyrsta spurningin fjallar um sannleikann. Önnur spurningin fjallar um sanngirni gagnvart öllum viðkomandi. Þriðja spurningin er um eflingu góðvildar og vinsemdar og sú fjórða og síðasta er um hvort og hvernig verkin verið öllum viðkomandi til góðs. “Á þennan hátt byggir Rótarýhreyfingin á siðferðislegum grunni og leitast við að leiða saman fólk með svipuð lífsviðhorf. Fólk úr ólíkum starfsgreinum, án tillits til trúar, kynstofns og þjóðernis, um leið og hún vill gefa öðrum hlutdeild í sýn sinni um mannúðlegt samfélag. Hreyfingin vill breyta einhliða eigingjarnri afstöðu manna og þeim skilningi þeirra á starfinu að á því eigi einungis að græða heldur sé starfið köllun í þjónustu samferðamanna,” segir Kristján. Grípum aðeins niður í erindi hans. “Ef það á að virka, þá verða menn að gera sér far um að tileinka sér persónulega afstöðu þjónustunnar. Fjórprófið hefur reynst góð aðferð til þess að gera afstöðu þjónustunnar að eðlilegum hluta af lífi manna. Orðalagið virðist einfalt og auðskilið fyrir hvern sem er ef til vill vegna þess að það inniheldur algeng en um leið þungvæg og tilfinningahlaðin orð, sem notuð eru í sambandi við tengsl manna við veruleika þeirra. En sá, sem reynir að svara spurningum fjórprófsins uppgötvar, að þær krefjast bæði tíma og ekki svo lítillar umhugsunar. Spurningarnar eiga við aðstæður, sem skarast

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX
AIR CIRCULATION SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM R 44/04
HERO
ISO FIX
ADVANCED SIDE PROTECTION
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

að hluta. Þessar ágripskenndu hugleiðingar leyfa ekki ítarleg dæmi. Hver einstakur rótarýfélagi fyrir sig getur endanlega gefið viðeigandi svar við spurningunum í óendanlegum tilbrigðum starfsaðstæðnanna.”

Páskahátíðin og teiknin í náttúrunni eiga samleið

Nú líður að páskum annarri af stórhátíðum kristinna manna. Því liggur beint við að fá Rótarýmanninn, guðfræðinginn og kennarann til margra ára til að velta fyrir sér spurningum um páskana. Stundum virðist sem jólin hafi tekið hið kristna hátíðahald yfir en páskarnir birtist einkum sem vorhátíð og hátíð kristinna ferminga. Kristján segir rétt að jólin nái meiri eftirtekt fólks en páskahátíðin. „Þetta kemur til af því að jólin urðu að fjölskylduhátíð kristinna manna. En páskahátíðin er engu að síður aðalhátíð kristninnar vegna þess að í henni liggur sá boðskapur sem kristnin byggir á. Páskarnir eru haldnir til þess að minnast upprisu Jesú. Í henni liggur grundvöllur kristindómsins sigurinn yfir dauðanum og staðfesting þess að Jesú var af Guði sendur. Páskarnir eru á þeim tíma almanaksársins þegar fólk á norðurslóðum er að fagna vorkomunni. Daginn er farið að lengja og lífið að kvikna í náttúru okkar. Inntak páskanna fer saman við það sem er að gerast í náttúrunni á þessum tíma. Jólin boða ljósið í myrkrinu – komu frelsarans en páskarnir staðfesta síðan ætlunarverkið með komu hans til manna. Að vinna sigur á dauðanum., sætta menn við guð og kalla þá til þjónustu við kærleika hans.“ Kristján segir að trúariðkun og helgihald hafi nokkuð haldist í hendur við byggðaþróun hér á landi. Í mjög dreifðri byggð og takmörkuðum samgöngum hafi helgihald flust að verulegu leyti inn á heimilin. Fólk hafi sinnt trúariðkun sinni á heimilunum sem húslestrar fyrri tíma vitna um. „Þetta setti ákveðið mark á kirkjurækni Íslendinga. Engu að síður er mikilvægt að miðla hverri kynslóð þekkingunni á kristindóminum og þeim veruleika sem hann hefur að geyma. Páskahátíðin og táknin í náttúrunni eigi þar fullan samhljóm.

Miðberg sigursælt í Lífshlaupinu

Undanfarin ár hefur starfsfólk í fullu starfi hjá Frístundamiðstöðinni Miðbergi tekið þátt í Lífshlaupinu, heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Myndast hefur góð stemmning í starfsmannahópnum og hefur hópurinn verið duglegur að fara saman í badminton, blak og göngutúra og síðan höfum við verið dugleg að mæta í ræktina og vel hefur verið tekið á því. Hægt og rólega hefur tekist að fá allan starfsmannahópinn með okkur og í ár náði Miðberg sínum besta árangri hingað til, efsta sæti yfir flestar mínútur og öðru sæti yfir flesta daga í sínum flokki í vinnustaðakeppni með 10 til 29 starfsmenn.

Starfsfók Miðbergs hefur verið duglegt í ræktinni.

EITT KORT
34 VÖTN
7.900 kr.

VEIÐIKORTIÐ 2018

Vatnaveiði er fjölskylduvæn útivist.
Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.

Sölustaðir:
N1 - OLÍS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivöruverslanir um land allt.
Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
Bryndís Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 569 7024
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
Gunnar Helgi Einarsson lögg. fasteignasali Sími: 615 6181
Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
Ásgrímur Ásmundsson hdl. og lögg. fasteignasali Sími: 865 4120
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958

Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515
Páll Þórólfsson aðstm. fasteignasala Sími: 893 9929
Helgi Jónsson aðstm. fasteignasala Sími: 780 2700
Hilmar Jónasson lögg. fasteignasali Sími: 695 9500
Ragnheiður Pétursdóttir hdl. og löggiltur fasteignasali
Harpa Rún Glad hdl. og löggiltur fasteignasali

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Borgin styrkir Breiðholtsbrúna

Þessi mynd var tekin við afhendingu styrkja borgarráðs en Breiðholtsbrúin er á meðal styrkþega.

Breiðholtsbrúin er eitt þeirra 40 verkefna sem borgarráð samþykkti að styrkja á fundi sínum 28. febrúar sl. Breiðholtsbrúin er frjálst félagsstarf og samstarfsverkefni Fjölskyldumiðstöðvar í Gerðubergi, Hjálparstarfs kirkjunnar og Pepp Ísland. Breiðholtsbrúin er í grunninn opið hús þar sem allir eru velkomnir óháð aldri, stöðu, þjóðerni og öllum mögulegum breytum sem hægt er að tína til.

Verkefni er sniðið fyrir fólk á öllum aldri og án nokkurs tillits starfs, fjölskyldustöðu, þjóðernis eða neins annars. Í Breiðholtsbrúnni er kjörið tækifæri fyrir fólk sem finnur til félagslegrar einangrunar eða á ekki í samskiptum við ættingja eða vini til þess að eiga mannleg samskipti. Þetta getur átt við um fólk sem flust hefur hingað til lands, fólks sem á ef til vill flesta fjölskyldumeðlimi erlendis en einnig gróna Íslendinga sem langar að líta aðeins út fyrir sinn hversdagslega ramma. Kjarninn í starfi Breiðholtsbrúarinnar er sameiginleg eldamennska og hádegisverður þar sem skipst er á að elda en allir taka einhvern þátt í undirbúningi og mótun verkefnisins. Samhliða mat er boðið upp á föndur eða aðra iðju og fyrirlestra eða fræðslu. Verkefnið er fyrst og fremst ætlað Breiðholtsbúum en þó eru allir velkomnir. Í Breiðholtsbrú koma Íslendingar, nýbúar, hælisleitendur, öryrkjar, eftirlaunaþegar og fólk í hlutastarfi svo eitthvað sé nefnt.

Pandora snyrti- og fótaaðgerðastofa Mjódd

Dagana **15. mars - 6. apríl** ætlar hún Coline, snyrtifræðinemi frá Belgíu að vera með okkur á Pandoru. Coline er búin að klára snyrtifræðiskólann og fékk það skemmtilega tækifæri að koma til Íslands að vinna og læra eitthvað nýtt og skemmtilegt.

Við bjóðum hana velkomna til okkar á Pandoru og langar okkur að bjóða **30% afslátt** af öllum handsnyrtingum og andlitsmeðferðum hjá Coline dagana **15. mars - 6. apríl.**

Tímapantanir eru í síma 555-1006.

PANDORA
snyrti- og fótaaðgerðastofa

Þangbakka 8-10 • Mjódd • Sími: 555-1006

TUFF Breiðholt - öll börn taki þátt

Breiðholtsblaðið heldur áfram að fylgjast með TUFF Breiðholt verkefninu sem nú hefur staðið yfir í rúma 2 mánuði. Með verkefninu býðst 6 til 15 ára börnum sem ekki hafa tekið þátt í íþróttum áður að æfa án endurgjalds hjá ÍR eða Leikni í þrjá mánuði. Öll börn í Breiðholti eru hvött til þess að taka þátt og eru börn af erlendum uppruna boðin sérstaklega velkomin. Ásamt íþróttaiðkun er lögð áhersla á að kenna mannleg og samfélagsleg gildi.

Reykjavíkurborg rekur verkefnið í samstarfi við alþjóðlegu góðgerðasamtökin TUFF en aðalframkvæmdaaðilar verkefnisins eru íþróttafélögin Leiknir og ÍR. Hverfisstjórinn í Breiðholti, Óskar D. Ólafsson hefur farið fyrir verkefninu fyrir hönd Reykjavíkurborgar og frá TUFF eru þau Dr Shamender Talwar og Hrund Hafsteinsdóttir.

Þrátt fyrir miklar annir gaf hópurinn sér tíma til þess að ræða við Breiðholtsblaðið um framvinduna í TUFF Breiðholt. Dr Talwar bendir strax á tvo lykilmenn í verkefninu, þá Þráin Hafsteinsson frá ÍR og Helga Hafsteinsson frá Leikni. Þeir beri uppi framkvæmdina á TUFF verkefninu og þessi tvö félög hafi þegar unnið mikið þrekvirki með starfi sínu í Breiðholti. Félögin hafi á að skipa þjálfurum á heimsklassa sem sé sérstök ánægja að vinna með.

Hvað segja ÍR og Leiknir

Þráinn frá ÍR sagði að með þátttöku í TUFF Breiðholt hafi hann kynnst alveg nýrri nálgun í starfinu: “Með þátttöku í TUFF Breiðholt verkefninu höfum við markvisst átt fundi og byggt upp samstarf við skóla, íþróttafélög, trúfélög, móðurmálsskóla, lögreglu og fleiri. Við verðum öll að vera samstíga í því að fá börn til þess að taka þátt í íþróttum eða tómstundum af einhverju tagi. Það skiptir máli fyrir liðsheildina í samfélaginu. Ég vil hvetja sem flest börn til þess að taka þátt.”

Helgi frá Leikni segist hafa mikla trú á þessu verkefni og er sannfærður um að hægt verði að ná til krakka sem ekki hafa æft áður. “Þetta er frábært forvarnarstarf og færni barnanna eykst ekki bara líkamlega heldur líka andlega, svo þau eiga miklu meiri möguleika á að aðlagast samfélaginu eins og við í Leikni höfum séð svo mörg dæmi um. Við sjáum TUFF verkefnið sem tækifæri til þess að stækka okkar öfluga hóp. Við hjá Leikni viljum að Breiðholtið vinni saman sem ein heild. Við verðum að auka samkennd og tryggja að enginn verði utanveltu. Hér á að vera þverskurður samfélagsins, bæði meðal iðkenda og þjálfara.”

Hvers vegna er TUFF á Íslandi?

Dr Talwar verður fyrir svörum: “Frá 2013 hefur TUFF staðið fyrir mörgum verkefnum sem miða að því að fá börn og unglinga til þátttöku í íþróttum og tómstundum og kenna þeim samfélagsleg gildi. Mörg verkefnanna eru í Bretlandi þar sem við erum í samstarfi við breska innanríkisráðuneytið. Staðan á Íslandi er auðvitað allt önnur en þar og aðdáunarvert að sjá hvernig Breiðholtshverfið hefur markvisst unnið að því að opna arma sína gagnvart fjölmenningu.”

Þessi mynd var tekin á fundi með KSÍ sem styður verkefnið. Á myndinni eru Helgi Óttarr Hafsteinsson, Hrund Hafsteinsdóttir, Guðni Bergsson, Þráinn Hafsteinsson og Samander Talwar.

Þessi mynd var tekin í Breiðholtsskóla 22. febrúar og þarna eru tveir nemendur með kynningarbækling um Tuff verkefnið.

Þrjá áhugasamar stelpur um TUFF verkefnið í Hólabrekkuskóla.

Lagði hann ríka áherslu á að TUFF verkefnið væri ekki einskorðað við nýbúa. “Það er mikilvægt að verkefnið nái til allra barna, ekki bara þeirra sem eru að erlendu bergi brotin. Verkefnið snýst um að byggja upp skilning og samstöðu og því verður ekki náð nema með þátttöku allra. Á næstunni mun TUFF taka stefnu á önnur hverfi Reykjavíkur og aðra landshluta.”

Hrund, einnig frá TUFF kom með verkefnið til landsins ásamt Dr Talwar og undirstrikar forvarnargildi verkefnisins:

“Við vitum hvað það er mikilvægt að börn og unglingar, burtséð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta af heild. Það gerir þau sterkari einstaklinga, tryggir betri árangur í námi og gefur þeim veganesti inn í lífið. Í raun erum við að tala um sameiginlega hagsmuni þjóðfélagsins til framtíðar.”

Sterkt og sameinað Breiðholt

Óskar hverfisstjóri í Breiðholti segir að það hefði komið sér á óvart hve gríðarlega víðtækt TUFF verkefnið væri. “Það hafa allir hlutverk, skólar, íþróttafélög, félagsmiðstöðvar og trúfélög. Okkar markmið er að fá krakkana til að taka þátt og að ná betur til foreldranna. Verkefnið gengur út á að styðja börnin til þess að verða betri manneskjur og að undirbúa þau betur fyrir þátttöku í samfélaginu. Verkefnið styður við önnur verkefni sem Breiðholt hefur skipulagt, svo sem Heilsueflandi Breiðholt og fjölskyldumiðstöðina. Við viljum sterkt og sameinað Breiðholt “

Breiðholtsblaðið heldur áfram að fylgjast með TUFF Breiðholt verkefninu. Hópurinn kveður í bili: “Ég er TUFF”.

Helgihald um bænadaga og páska í Breiðholti

Breiðholtskirkja

Sunnudagur 25. mars,
pálmasunnudagur.
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
Sr. Magnús Björn Björnsson, sóknarprestur, Steinunn Þorbergsdóttir og Steinunn Leifsdóttir þjóna. Organisti Örn Magnússon.

Tómasarmessa kl. 20. Prestar, djáknar og leikmenn úr prófastsdæminu þjóna. Tónlist annast Matthías V. Baldursson. Þorvaldi Halldórssyni og Margréti Scheving þökkuð áralöng þjónusta.

Skírdagur 29. mars.
Heilög kvöldmáltíð og Getsemanestund kl. 20. Prestur sr. Magnús Björn Björnsson. Marta G. Halldórsdóttir syngur. Organisti Örn Magnússon.

Föstudagurinn langi 30. mars.
Helgistund við krossinn kl. 11. Prestur dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Kór Breiðholtskirkju syngur undir stjórn Arnar Magnússonar organista.

Páskadagur – 1. apríl.
Hátíðarmessa kl. 8. Prestur sr. Magnús Björn Björnsson. Kór Breiðholtskirkju syngur undir stjórn Arnar Magnússonar organista. Morgunverður í safnaðarheimili eftir messu, þar sem allir koma með meðlæti og leggja á borð.

Seekers messa kl. 14. Prestur sr. Toma, prestur innflytjenda. Organisti Örn Magnússon. Messan fer fram á ensku og er ætluð þeim sem vilja kynnast kristinni trú.

Nánari upplýsingar á www.breidholtskirkja.is og á Facebook.

Fella-og Hólakirkja

Sunnudagur 25. mars,
pálmasunnudagur.
Afmælisguðsþjónusta kl. 14 í tilefni af 30 ára vígsluafmæli kirkjunnar.
Sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, prédikar, prestar kirkjunnar og djákni þjóna. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista. Kórinn mun m.a. flytja valda kafla úr Gloríu Vilvaldis og Ave María eftir Caccini. Kristín R. Sigurðardóttir syngur einsöng og Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.

Skírdagur 29. mars.
Fermingarmessa kl. 11.
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson og sr. Jón Ómar Gunnarsson þjóna og ferma. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista og Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.

Föstudagurinn langi 30. mars.
Messa kl. 11:00.
Prestur sr. Jón Ómar Gunnarsson. Píslarsagan lesin. Kór kirkjunnar leiðir almennan söng undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur.

Páskadagur – 1. apríl.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 8.
Prestar kirkjunnar og djákni þjóni fyrir altari. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista. Inga J. Bachmann syngur einsöng og kórinn flytur Gloríu Vivaldis. Að guðsþjónustu lokinni verður öllum boðið til morgunverðar í safnaðarsal kirkjunnar. Páskaeggjaleit í sunnudagaskólanum á sama tíma í umsjá Péturs og Ástu.

Seljakirkja

Sunnudagur 25. mars,
pálmasunnudagur.
Fermingarmessa kl. 10.30.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar.

Fermingarmessa kl. 13.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar.

Þriðjudagur 27. mars kl. 18.
Menningarvaka eldri borgara. Breiðfirðingakórinn annast dagskrána.

Skírdagur – 29. mars
Fermingarmessa kl. 10.30.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar.

Fermingarmessa kl. 13.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar.

Föstudagurinn langi – 30. mars
Guðsþjónusta kl. 11. Píslarsagan lesin, litanían sungin. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar og Kristján Arason, guðfræðingur predikar.

Páskadagur – 1. apríl
Hátíðarguðsþjónusta kl. 8.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar. Eiríkur Örn Pálsson leikur á trompet. Morgunverðarhlaðborð að lokinni guðsþjónustu.

Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 11.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.

Annar páskadagur – 2. apríl.
Fermingarmessa kl. 13.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar.

Kór Seljakirkju leiðir söng við guðsþjónusturnar.
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson.

Ekkert ákveðið en skoðað sem áhugaverð hugmynd

Þessi mynd var tekin fyrir nokkum árum við Drafnarfellið en hugmynd um háhýsi við Eddufell er til hliðar við þessar byggingar þar sem lítil samstæða verslunarhúsa er. Turninn mynd þá rísa ef af verður eða ef til vill önnur bygging á milli stóru blokkarinnar við Asparfell og löngu blokkarinnar.

Í síðasta Breiðholtsblaði var sagt frá ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar að kynna tillögu að 15 hæða turni á lóðinni við Eddusel 2 til 6 í Fellahverfi, en þar er gert ráð fyrir að á 1. hæð verði verslanir en á 14 hæðum íbúðir.

Breiðholtsblaðið ynnti Hjálmar Sveinsson formann umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar eftir stöðu málsins. Hann sagði svo sem ekkert að frétta af því annað en það að skipulagsfulltrúi kvað upp úr um það á fundi sínum 12. janúar að hugmyndin sé áhugaverð og þess virði að hún verði skoðuð. “Það kemur líka fram að skoða þurfi svæðið allt, einkum með tilliti til þess hvers konar íbúðarhús sé helst vöntun á í Breiðholti. Hann bendir líka á að nú er vinna við hverfisskipulag langt komin í Breiðholtinu. Mér sýnist því að skipulagsfulltrúinn hafi því ekki samþykkt neitt annað en að skoða þetta sem áhugaverða hugmynd,” segir Hjálmar.

Búseti fær lóð við Árskóga

Búseti hefur fengið úthlutað lóð við Árskóga í Breiðholti. Þetta kemur fram í vikulegum pistil Dags B. Eggertssonar borgarstjóra þar sem hann ræðir húsnæðisáætlun borgarinnar.

Í pistlinum segir að nú séu reitir og svæði með 3.697 íbúðir í borginni komnar á framkvæmdastig og hefur þeim fjölgað um tæplega 600 síðan í haust. Þá eru 3.807 íbúðir með samþykkt deiliskipulag, 6.445 íbúðir eru í formlegu skipulagsferli og loks eru 5.505 íbúðir í þróun og skoðun innan borgarinnar.

Breiðhyltingar eru hluti af öflugu samfélagi

- segir Guðrún Eiríksdóttir nýkjörinn formaður Hverfisráðs Breiðholts

Guðrún Eiríksdóttir hefur verið kjörin formaður Hverfisráðs Breiðholts. Hún tók við formennskunni af Nichole Ligh Mosti sem farin er til annarra starfa. Guðrún er uppalin Breiðhyltingur. Foreldrar hennar bjuggu fyrstu árin í Bökkunum en fóru síðan í Vesturbergið og enduðu í Seljahverfinu þar sem Guðrún býr nú. Hún bjó um áratug í Danmörku og segir að þegar hún flutti heim aftur hafi ekkert annað komið til greina en gömlu heimkynnin í Seljahverfinu. „Við keyptum hús við Brekkusel og búum í tvíbýli ásamt föður mínum eftir að hann varð ekkjumaður.”

Guðrún Eiríksdóttir ásamt fjölskyldu sinni.

Guðrún hefur ekki tekið þátt í borgarmálum fyrr, en hefur tekið þátt í starfi Bjartrar framtíðar og setið á lista Bjartrar framtíðar til alþingiskosninga ásamt stjórnarsetu í flokknum. Hún segir að Breiðholtið hafa breyst mikið frá því hún var að vaxa upp “Breiðholtið hefur vaxið út því að vera frumbýlisleg byggð í gróið hverfi. Mannlífið hafði líka breyst. Breiðholtið er orðið mikið fjölmenningarhverfi. Ég kynntist fjölmenningu í Danmörku og get fullyrt að við séum í betri aðstöðu en Danir í að aðstoða fólk við að laga sig að nýjum heimkynnum að vissu leyti. Ætli það sé ekki vegna þess hversu fá við erum. Það eru mikið um það í Danmörku að nýbúar tengist ekki nábýli sínu og umhverfi og í stað þess að aðlagast fara þeir að mynda sína eigin lokuðu hópa. Mér sýnist okkur hafa tekist að komast að miklu leyti fram hjá þessum vanda og fólkið hér í Breiðholtinu þar sem ég þekki best til hefur flest náð góðum tökum á tilveru sinni í nýju umhverfi. Þetta er vissulega vinna og við þurfum að taka mið af vandamálum nágrannaþjóða okkar þegar kemur að því að virkja alla í samfélaginu. Við eigum að geta fagnað fjölbreytileikanum og búið í sátt og samlyndi og með það að leiðarljósi að allir þrífist og aðlagist. Það er ótrúlega mikið af flottu fólki hér í Breiðholtinu.

Meiri samfélagsleg ábyrgð í Danmörku

„Annað sem ég kynntist í Danmörku og tel að Íslendingar mættu tileinka sér er ákveðin samfélagsleg ábyrgð. Ég get nefnt dæmi um að á hverju ári var ákveðinn tiltektardagur í leikskólunum þar sem foreldrar komu saman og gerðu leikskóla barnanna sinna gott til – til dæmis með tiltekt eða málningu. Á eftir var svo grillað og fólk hafði gaman af að koma saman. Þetta hugarfar virðist ekki fyrir hendi hér á landi – alla vega ekki þar sem ég þekki til. Þetta á við um allt annað t.d. snjómokstur, sorphirðu og almenningsrými. Fólki finnst þetta vera verkefni annara. Verkefna sveitarfélaganna og í þessu tilviki borgarinnar. Hugsunin er að við höfum greitt skatta og eigum rétt á þessu ásamt allri annari þjónustu

Aðlögun og móðurmál

Guðrún segir að næstu verkefni hverfisráðsins séu framhald á því sem unnið hafi verið að. Einkum hvað varðar börn sem eru tví- og jafnvel þrítyngd. “Í mörgum fjölskyldum eru notuð tvö tungumál. Þá oftast móðurmál foreldra og síðan íslenskan sem verður annað móðumál barnanna. Enska kemur líka oft við sögu sem þriðja tungumálið því margir notast við hana til þess að gera sig skiljanlega einkum á meðan þeir eru að ná tökum á Íslensku. Verkefni okkar eru því ekki síst tengd þessum mikilvægu málum; aðlöguninni, móðurmálinu, velferð, lestrarkunnáttu og frístundaiðkun.”

Hluti af öflugu samfélagi

Guðrún víkur að öðru sem hún kveðst oft hafa velt fyrir sér. “Mér finnst vanta ákveðið stolt í Breiðhyltinga. Það er eins og umræða liðinna ára – einkum fyrstu ára Breiðholtsins hafi rænt suma Breiðhyltinga stoltinu. Umræðan gat verið neikvæð á köflum og hefur að einhverju leyti viljað koma upp aftur og aftur. Fólk er enn hörundsárt vegna fréttaflutnings og afstöðu sumra fjölmiðla sem hefur því miður ekki breyst eða þróast í takt við tímann. En það er enginn fótur fyrir neikvæðu tali um Breiðholtið. Breiðhyltingar þurfa að vera meðvitaðir um að þeir eru hluti af öflugu samfélagi.”

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér
Næg bílastæði
VELKOMIN
Mjóddin

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

facebook.com/noisirius

Bjart framundan í Breiðholti

- segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir fyrirhugaða uppbyggingu íþróttamannvirkja í Mjóddinni sé mikið metnaðarmál og mikilvæga lyftistöng fyrir hverfið á margan hátt. Jafnframt sé mikilvægt að huga að aðstöðunni í Efra-Breiðholti og samstarfi ÍR og Leiknis við að veita börnum í hverfinu fyrsta flokks íþróttastarf. Borgaryfirvöld eiga í viðræðum við eigendur fasteigna í Arnarbakka og Völvufelli en þessir gömlu hverfiskjarnar hafa verið í niðurníðslu. Stefnt er að því að snúa því við með því að hleypa uppbyggingu af stað á svæðunum. Borgarstjóri vill að hverfi borgarinnar séu sjálfbær um þjónustu og að sem flestir þurfi að sækja nærþjónustuna sem styst.

Borgarstjóri segir húsnæðismálin hafa verið stærsta verkefnið á kjörtímabilinu og þau verði forgangs verkfeni áfram en metár eru nú í uppbyggingu íbúða í Reykjavík. Þá hefur uppbygging íbúða í eigu félaga sem eru ekki rekin í hagnaðarsjónarmiði verið áberandi til að auka framboð af íbúðum á viðráðanlegu verði, bæði til kaups og leigu. Borgin sé í umfangsmiklu samstarfi við stúdenta, eldri borgara, verkalýðshreyfinguna og aðra sem vinna að húsnæðisuppbyggingu án hagnaðarsjónarmiða. Næsta stórverkefni í húsnæðismálum sé að mæta hópnum sem kemst ekki inn á húsnæðismarkaðinn, ungu fólki og fyrstu kaupendum.

Þurfum að eina öfluga höfuðborg

Dagur segir kjörtímabilið hafa gengið vel. Viðsnúningur hafi orðið í rekstri borgarinnar og sterk staða borgarsjóðs sé nú flestum ljós. Betri þjónusta, fleiri íbúðir, lægri gjöld og fjölbreyttari borg sé honum efst í huga eftir þessi tæplega fjögur ár sem hann hefur verið borgarstjóri. Stóra verkefnið hafi verið að þróa kraftmikla og spennandi borg sem tryggi að allir hafi tækifæri og atvinnu og að unga fólkið vilji búa hérna. „Ef við ætlum að vera samkeppnishæf þurfum við að eiga öfluga höfuðborg sem stenst nágrannaborgum okkar snúning. Við erum að sjá dæmi þess að Reykjavík er hástökkvari á lífsgæðalista tímaritsins Economist yfir borgir í heiminum. Við erum að koma vel út í skýrslu norræna ráðherraráðsins um borgarsvæði á Norðurlöndum en þar erum við að skjótast upp fyrir Helsinki þannig að það er margt sem bendir til þess að Reykjavík sé í mikilli sókn. Því viljum við halda áfram.“

Breiðholtið býr yfir miklum félagsauð

Dagur segir að Breiðholtið sé hverfi sem búi að miklum félagsauð hvert sem litið er. Fjölskyldur og húsfélög hafi víða verið að taka til hendinni undanfarin ár og margt sé framundan í Breiðholtinu sem gefi fólki ástæðu til að vera bjartsýnt en um leið þurfi að halda vel á spöðunum til að tryggja áframhaldandi vöxt og framgang þessa stóra og öfluga hverfis í borginni. Þar beri hæst fjárfestingar í þágu barna, unglinga og íþrótta. „Við erum reyndar líka að bæta aðstöðu barnanna í Breiðholtslaug á þessu ári, endurnýja rennibrautina og setja kaldan pott, svo nokkuð sé nefnt.“

Dagur í heimsókn í leikskólanum Hólaborg þegar haldið var upp á 40 ára afmæli skólans.

Borgarlínuverkefni eru hvarvetna í gangi í Evrópu

Nú hefur borgarlínan mikið verið rædd – munum við sjá hana í náinni framtíð og það sem meira er - mun hún koma í Breiðholtið?

„Já - það var gaman að sjá þegar við vorum að skoða hvar borgarlínan átti að ganga, þá skoðuðum við í raun ekki þessar hefðbundnu strætóleiðir, heldur bara leituðum að því hvar flest fólk býr – og þar kom Breiðholtið mjög vel út. Þannig að sjá. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir borgarlínustöð í Breiðholtinu. Í næstu áföngum munu svo bætast við fleiri stoppistöðvar í Breiðholti.

Ég bind vonir við að ríkisstjórnin samþykki að ráðast í verkefnið í samvinnu við okkur þannig að þetta verði eitt af stóru framkvæmdaverkefnunum á næsta kjörtímabili. Það er mjög mikilvægt til að umferðin gangi betur. Bæði fyrir þá sem ætla að nota almenningssamgöngur, en líka hina sem munu áfram keyra. Besta leiðin til að fjölga þeim sem nota almenningssamgöngur er að bjóða upp á borgarlínu: betri þjónustu með betri vögnum, betri stöðvum, hærri tíðni, meiri upplýsingum um og betri upplifun. Borgarlínuverkefni eru hvarvetna í gangi í borgum í Evrópu og Bandaríkjum og það er mikilvægt að ná um það breiðri samstöðu hér líka.“

Auðvelda ungu fólki og fyrstu kaupendum að eignast íbúð

Húsnæðismálin hafa verið fyrirferðamikil á kjörtímabilinu. Það var talað um það fyrir síðustu kosningar að 2500 til 3000 leigu- og búseturéttaríbúðir færu í uppbyggingu innan fimm ára. Mun það takast?

„Já, það mun takast,“ segir Dagur. „Árin 2015, 2016 og 2017 voru metár í uppbyggingu í Reykjavík og árið í ár verður enn stærra. Við höfum passað upp á að úthluta nóg af lóðum um alla borg, við höfum unnið í haginn til þess að tryggja að verktakar hafi úr nógu að moða í framkvæmdum. En hryggjarstykkið í húsnæðisáætlun borgarinnar er samstarf við félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Á endanum verða þetta fleiri íbúðir en tölurnar sem nefndar hafa verið gefa til kynna því staðfest áform um uppbyggingu íbúða á vegum verkalýðshreyfingarinnar, stúdenta, eldri borgara, Búseta, Félagsbústaða eru yfir 4000 íbúðir. Þessi verkefni eru mörg hver komin af stað en þó ekki öll, en við leggjum allt kapp á að uppbyggingin haldi áfram. Því það er lykilatriði til að húsnæðismarkaðurinn verði heilbrigðari. Næsta skref er að auðvelda ungu fólki og fyrstu kaupendum að eignast sína fyrstu fasteign en við höfum tekið frá lóðir fyrir slík verkefni, kallað eftir hugmyndum frá þróunaraðilum, verktökum, arkitektum og einstaklingum um það hvernig við getum lækkað byggingarkostnað og búið til hagkvæmt húsnæði fyrir fyrstu kaupendur. Þetta er næsta verkefni í húsnæðismálum í Reykjavík og ég hlakka til að sjá niðurstöðurnar af því.

Myndin er frá heimsókn borgarstjóra í Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem hann hitti nemendur, kennara og starfsfólk skólans og skoðaði FabLab í FB sem er samstarfsverkefni borgarinnar og FB.

Besta leiðin til að fjölga þeim sem nota almenningssamgöngur er að bjóða upp á borgarlínu: betri þjónustu með betri vögnum, betri stöðvum, hærri tíðni, meiri upplýsingum og betri upplifun.

Erum að vinna á manneklunni

Manneklan í borginni hefur vakið athygli og foreldrar þurft sums staðar að vera með börnin sín heima vegna veikinda starfsfólks og manneklu. Hvernig gengur að manna og kannski hver eru næstu skref í þjónustu við foreldra og starfi leikskólanna?

„Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa glímt við manneklu í þessu árferði. Það sem við höfum gert er að fara í átak í ráðningum sem hefur heppnast afar vel. Nú er búið að ráða í mörg stöðugildi og vantar aðeins fá til viðbótar og þá er málið leyst. Varðandi aukna þjónustu þá viljum við í stuttu máli klára leikskólamálin – það er um þriðjunginn. Við sögðum árið 2014 að við viljum brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla en það tæki tvö kjörtímabil. Við höfum búið til nýjar ungbarnadeildir og þannig geta tekið börn yngri inn. Nú viljum við taka skrefið til fulls og tryggja krökkum leikskólavist frá 12 til 18 mánaða aldri og brúa þannig bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þetta verður án vafa eitt stærsta verkefni næsta kjörtímabils.“

Höfum náð árangri í fjármálum borgarinnar

Fjármálin hafa verið í talsverðum fókus á kjörtímabilinu en það horfir til betri vegar. Hverjar eru skýringarnar á viðsnúningi í rekstri borgarinnar?

„Við höfum náð árangri í fjármálunum, bæði með kostnaðaraðhaldi en einnig tekjuaukningu sem fylgt hefur hækkun launa í landinu. Í stuttu máli, þá hefur aðhaldið skilað árangri en við sjáum líka að tekjurnar aukast. Við ákváðum að það væri forgangsmál að láta skólana og velferðarþjónustuna njóta þessa, auk fjárfestingu í félagslegu húsnæði, íþróttamannvirkjum og malbiksverkefnum sem var brýn þörf á.“

Mikil uppbygging íþróttamannvirkja að hefjast

Breiðholtið er stórt hverfi og fjölbreytt. Hver hafa verið stærstu verkefnin hér og hvað er næst á dagskrá?

„Það er af mörgu að taka og víða er unnið frábært starf í Breiðholti. Hverfið stendur nærri hjarta mínu af því að þegar ég var að alast upp í Árbænum, þá

sóttum við allskyns frístundir í Breiðholtinu, ég var í lúðrasveitinni hérna og æfði handbolta í Fellaskóla og Seljaskóla, því mitt lið, Fylkir hafði ekki nægilega stórt íþróttahús. Við höfum verið með sérstaka áherslu á Breiðholtið á síðasta og þessu kjörtímabili. Margvísleg þjónusta er mikilvægust en hverfið var einnig í fyrsta forgangi í endurnýjun skólalóða, Gerðuberg hefur fengið andlitslyftingu og Breiðholt hefur verið brautryðjandi í verkefninu heilsueflandi hverfi. Við höfum einnig farið nýjar leiðir í menningarmálum með vegglistaverkum og flutningi Nýlistasafnsins í gömlu Fellagarðana. Þá hefur FabLabið slegið í gegn. Við hækkuðum frístundakort krakkanna um alla borg sem hefur komið sér mjög vel í Breiðholti, fjölguðum krökkum í skólahljómsveitinni sem var mjög mikilvægt, að ógleymdum framkvæmdum á svæði Leiknis og ÍR þar sem gervigrasvellir hafa verið endurnýjaðir og framkvæmdir við frjálsíþróttavöllinn í Mjódd stendur sem hæst. Líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug er orðin að veruleika og fleiri umbætur eru á döfinni þar.

Umfangsmikil uppbygging íþróttamannvirkja eru að hefjast en þau mannvirki munu fyrst og síðast nýtast krökkunum í hverfinu. Um er að ræða knatthús, handbolta- og körfuboltahús, frjálsíþróttavöll og gervigrasvelli í Mjóddinni og svo er hugsunin sú að bæta við fimleikahúsi í efra Breiðholti sem mun þjónusta allt hverfið. Fimleikarnir eru í mikilli sókn á Íslandi, stelpurnar sækja meira í fimleikana og mikilvægt að við gefum eins mörgum og hægt er færi á að stunda þessa eina fjölmennustu íþrótt landsins. Við viljum líka taka í gegn gömlu hverfiskjarnana í Breiðholti. Kjarnarnir í Völvufellinu og Arnarbakkanum er mikilvægt að bæta. Við höfum fundað með eigendum á Arnarbakkanum og ég er bjartsýnn á að samstaða takist um að ráðast í uppbyggingu sem lyftir umhverfinu og bætir þjónustuna í heild í hverfinu. Þessar eignir eiga aftur að geta orðið prýði innan hverfanna.

Dagur undirritar samning um uppbyggingu á ÍR svæðinu ásamt Ingigerði (Ingu) Guðndsdóttur formanni ÍR.

Eldri borgarar í Breiðholti – viljum vera aldursvæn borg

Nú verður gríðarleg fjölgun á eldri borgurum á næstu árum. Hvað eruð þið með á prjónunum til að mæta þeirri sprengingu sem er fyrirsjáanleg?

Það á að geta verið fjölbreytt og spennandi að eldast í Reykjavík og fólk er miklu virkara fram eftir öllum aldri en áður þekktist. Við viljum vera aldursvæn borg og erum í heilmiklu samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnina WHO um að gera Reykjavík að aldursvænni borg. Við erum líka í samstarfi við eldri borgara í Reykjavík og Félag eldri borgara í Reykjavík um sama markmið. Ég vil að Reykjavík verði framúrskarandi borg til að eldast í. Nú þegar er margt gott, eins og sundlaugarnar, félagsstarfið og heimaþjónustan. Við erum þessa dagana að senda út bréf til eldri borgara í allri Reykjavík þar sem minnt er á að þau geta nálgast árskort í sund og fá frítt á öll söfn borgarinnar. Við lækkuðum aldursmörkin vegna þessara fríðinda í 67 ár á kjörtímabilinu. Þá höfum við verið að bæta gönguleiðir og fjölga bekkjum í allri borginni og með þessu bréfi til eldri borgara fylgi kort af allri borginni og öllum bekkjum auk sérstaks korts af gönguleiðum í viðkomandi hverfi. Hreyfing eldri borgara er lykilatriði í því að viðhalda heilsu og ef borg er góð fyrir eldri borgara, þá er hún góð fyrir alla.“

TÍMAMÓTAGJÖF!

Frábært veganesti út í lífið fyrir fyrir **fermingarbörn** á öllum aldri:
Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum.
Silfur, gull, rósagull.
Verð: 5.900 / 6.900 kr.

Systrasamlagið
ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Samkeppni um myndverk á húsgafl við Vesturberg

Umræddur húsgafl við Vesturberg. Ætlunin er að þar komi myndverk í stað þess veggjakrots sem þar er nú að finna.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur hlotið styrk að upphæð 200 þúsund krónur til að gera veggmynd á húsgafl fjölbýlishússins við Vesturberg 70 til 74. Skólinn og húsfélag fjölbýlishússins hyggjast efna til samkeppni innan skólans um veggmynd á húsgafl blokkarinnar en gaflinn blasir við göngustígnum sem liggur frá verslun Iceland að Breiðholtslaug.

Gert er ráð fyrir að málað verði á neðstu klæðningarplöturnar, yfir veggjakrot sem þar er en ekki að allur veggurinn verði málaður. Áætlað að verkið verði málað í páskafríinu í mars á þessu ári ef veður leyfir en annars í maí þegar skóla lýkur. Um viku til tíu daga mun taka að mála myndina á vegginn og mun vinningshafinn ásamt aðstoðarmanni mála myndina á vegginn. Í umsókn til borgarinnar um styrkinn er bent á að göngustígurinn sé fjölfarin leið. Um 1.100 manna stundi nám í dagskóla í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og um 350 manns í kvöldskóla. Einnig sé Breiðholtslaug í næsta nágrenni, verslun og grunnskólar; Hólabrekkuskóli og Fellaskóli.

Hildur Björnsdóttir sýnir í Gerðubergi

Myndverk eftir Hildi Björnsdóttur.

Hildur Björnsdóttir sýnir ljósmyndir og innsetningar frá ferðum sínum um Asíu í Menningarhúsinu Gerðubergi frá 17. mars til 4. júní n.k.

Hildur Björnsdóttir myndlistarkona hefur á undanförnum árum ferðast víða um Asíu og kynnst fjölbreyttri menningu, trúarbrögðum og lífsháttum í Tíbet, Víetnam, Kambódíu, Nepal, Indlandi og Tælandi. Í frétt frá Borgarbókasafninu segir að á sýningunni í Gerðubergi sé að finna listræna úrvinnslu á þeirri nýju sýn og þekkingu sem Hildur hefur öðlast með því að komast í kynni við fólk á öllum aldri, búa á meðal þess og heimsækja staði sem margir bera merki um mannlega þjáningu og sögulega atburði. Sýningin vekur upp margar spurningar og býður áhorfandanum í heimspekilegt ferðalag á framandi slóðir. Heimsókn Hildar í S-21 fangabúðirnar í Kambódíu er uppspretta verka þar sem Hildur miðlar þeirri sterku tilfinningu, sem hún upplifði á staðnum, með því að flétta myndir af fórnarlömbum inn í umhverfið sem við blasir í dag. Ljósmyndirnar er prentaðar beint á burstaðar álplötur og hið fallega samspil dagsbirtu og ljóskastara skapar áhrifaríka þrívíddartilfinningu. Hildur vinnur jafnframt með innsetningar þar sem hún teflir saman teikningum, letri, landakortum og veraldlegum hlutum sem hún sankaði að sér á ferðum sínum. Við opnun sýningarinnar næst komandi laugardaginn spjallar Hildur við gesti um tildrög verka sinna og gefur þeim dýpri innsýn í hvernig hún vinnur úr upplifun og tilfinningum sínum gagnvart viðfangsefninu með miðlum listarinnar.

Hildur Björnsdóttir er fædd árið 1960. Hún hefur stundað nám í myndlist og kennslufræðum á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð og hefur tekið virkan þátt í myndlistarlífinu í þessum þremur löndum. Hún ólst upp á Íslandi og sækir gjarnan innblástur í verk sín í íslenska náttúru en er þó jafnframt mikill heimshornaflakkari eins og sýningin ber með sér. Hildur hefur búið og starfað í Noregi í 30 ár, sem myndlistarmaður og kennari.

Hildur Björnsdóttir myndlistarmaður.

Námsstefna í Gerðubergi á morgun

Námsstefna um leikjavæðingu náttúru- og menningararfs verður hldin í Menningarhúsinu Gerðubergi á morgun föstudaginn 16. mars kl. 9.30 til 16.00. Ráðstefnan er öllum opin og þátttaka er án endurgjalds. Á þessari námsstefnu verður skoðað hvernig nýjar aðferðir og ný tækni geta nýst þeim sem vinna að miðlun náttúru- og menningararfs til almennings, nemenda og ferðamanna og hvernig menningararfurinn getur orðið innblástur fyrir leikjaframleiðendur.

Sérstakur gestur og aðalfyrirlesari á ráðstefnunni er Ed Rodley, stjórnandi á sviði miðlunar við Peabody Essex safnið í Bandaríkjunum. Þá verða haldnar vinnustofur þar sem þátttakendum gefst færi á að kynnast ákveðinni tækni betur. Jafnframt verða umræðuhópar um framtíðarsýn og stefnu og hvernig minjageirinn og tölvuleikjageirinn geta unnið saman að nýjungum á þessu sviði. Erindi verða flutt á ensku en vinnustofur og umræðuhópar verða bæði á íslensku og ensku. Að námsstefnunni standa: Borgarbókasafnið, Gunnarsstofnun, Locatify, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Minjastofnun Íslands, Samtök tölvuleikjaframleiðenda, Tækniskólinn, PuppIT, Borgarsögusafnið og Þjóðminjasafn Íslands.



Barnabækur í raunveruleika í tíma og rúmi

- ráðstefna um barnabækur í Menningarhúsinu Gerðbergi

Ráðstefna um barnabækur var haldin í Menningarhúsinu Gerðubergi 3. mars sl. Á ráðstefnunni var sjónum einkum beint að raunveruleika barnabóka, birtingarmyndum kynjanna og hvort barnabækur séu í takt við tímann. Eliza Reid eiginkona Guðna Th. Jóhannessonar forseta Íslands setti ráðstefnuna og ávarpaði ráðstefnugesti en fundarstjóri var Atli Fannar Bjarkason.

Meðal þeirra sem fluttu erindi á ráðstefnunni voru Árni Matthíasson, blaðamaður, sem rifjaði upp barnabækur æsku sinnar og fjallaði sérstaklega um bresku skáldkonuna Enid Blyton sem var mikið lesin af krökkum og unglingum hér á landi upp úr miðri síðustu öld og er talin lýsa aldarfari síns tíma og hugsunarhætti mjög vel. Reyndar hugsunarhætti sem tæpast þætti gjaldgengur í dag meðal annars með tilliti til stéttaskiptingar, kynjaskiptingar og þjóðareinkenna. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri jafnréttismála hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, fjallaði um áhrif dægurmenningar á samskipti kynjanna. Ásta Rún Valgerðardóttir sálfræðingur fjallar um þau fjölskylduform sem birtast í barna- og unglingabókum og Erlingur Sigvaldason fjallaði um barna- og unglingabækur út frá sjónarhorni hinsegin unglinga. Að ráðstefnunni lokinni var tilkynnt hvaða fimmtán barna- og unglingabækur sem komu út á árinu 2017 voru tilnefndar til Barnabókmenntaverðlauna Reykjavíkurborgar.

Hluti ráðstefnugesta líðir á erindi Elizu Reid. Konur voru í miklum meirihluta á ráðstefnunni.

Atli Fannar Bjarkason ráðstefnustjóri og Árni Matthíasson einn frummælanda.

Eliza Reid flytur erindi sitt.

Hugmynda-
SÖFNUN
STENDUR TIL 20. MARS

HAFÐU ÁHRIF Á
REYKJAVÍK FRAMTÍÐARINNAR

Hefur þú góða hugmynd um hvernig Breiðholt getur orðið snjallari, skemmtilegri, vistvænni eða betri? Það geta allir sent inn hugmynd á **hverfidmitt.is**.

SENDU INN ÞÍNA TILLÖGU
FYRIR 20. MARS

hverfidmitt.is

Tíu12 ára starf í Miðbergi

- spennandi apríl framundan í félagsmiðstöðvunum

Myndirnar eru frá starfi Tíu12 í Miðbergi.

Undanfarin ár hefur verið opið starf í Miðbergi fyrir börn í 5., 6. og 7. bekk grunnskólanna í Breiðholti. Tíu12 ára starfið er haldið af félagsmiðstöðvunum í hverfinu, en opnanir eru eitt skipti í viku. Félagsmiðstöðin Bakkinn er opin er fyrir 5. og 6. bekk á mánudögum frá kl. 15:00-17:00, og fyrir 7. bekk á miðvikudögum frá kl. 15:00-17:00. Í Hólmaseli og Hundraðogellefu er opið fyrir 5. og 6. bekk á þriðjudögum frá kl. 15:00-17:00, og fyrir 7. bekk á fimmtudögum frá kl. 15:00-17:00.

Ýmislegt hefur á dagana drifið í Tíu12, en dagskráin í starfinu er afar fjölbreytt og skemmtileg. Til að mynda hefur verið boðið upp á blindrasmökkun, bingó, útileiki, bakstur og bandýmót. Einna vinsælast í vetur var brjóstsykursgerð og svokallað Tie-Dye, en þá komu börnin með boli sem litaðir voru í hinum ýmsu litum og mynstrum. Næstu vikur eru spennandi, en í apríl er til að mynda ferð í lazertag hjá Hundraðogellefu. Dagskrá mánaðarins og fleiri upplýsingar er að finna inni á heimasíðu Miðbergs, www.midberg.is.

Halli Reynirs tónlistarmaður og kennari

Setti upp leikverk í 10. sinn í Ölduselsskóla

- telur grundvöll fyrir leikfélagi í Breiðholti

Myndir er úr uppfærslu Halla og krakka úr Ölduselsskóla á söngleiknum Húsinu okkar.

Nýlega er lokið í Ölduselsskóla sýningum á söngleiknum Húsið okkar sem er frumsamið verk og fjallar um ýmis málefni líðandi stundar bæði á gagnrýnin og skemmtilegan hátt. Hugarsmiðurinn að baki verksins og framkvæmandi þess er Haraldur Reynisson tónlistarkennari betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Halli Reynis. Þetta er tíunda skiptið sem Halli setur leikverk á svið með nemendum Ölduselsskóla.

"Við vinnum þetta í sameiningu," segir Halli. "Ég hef samið tónlistina en látið krakkana skrifa textann með mér. Þetta er svona hugmyndavinna þar sem fleiri koma saman að gerð eins verks. Það hafa margir krakkar nýtt þetta tækifæri í gegnum árin til þess að koma hæfileikum sínum í leik, dansi og söng á framfæri." En hvernig byrjaði þetta. Halli segir að leiklist hafi lengi átt sér stað í skólastarfinu en þegar þarna var komið sögu hafi verið farið út í að setja þetta á hærra plan og setja upp alvöru leiksýningar. "Við höfum bæði frumsamið verkin líkt og núna en einnig sett annarra verk á svið. Um helmingurinn hefur verið frumsamin en önnur fengin að. Þeirra þekktast er trúlega söngleikurinn Hárið sem löngu er orðið klassískt verk um hippatímann. Mín reynsla er að þessi starfsemi hafi verið mjög þroskandi fyrir krakkana. Þetta eru aðalleganemendur níunda og tíunda bekkjar sem standa að þessu, æfingaferlið er um tveir til þrír mánuðir og nú er þetta orðinn fastur árviss viðburður í skólastarfinu. En maður þarf líklega að vera aðeins klikkaður til þess að halda þetta út."

Aðgangseyririnn dugað fyrir tækjakaupum

Tekinn hefur verið aðgangseyrir á sýningar leiklistarhópsins í Ölduselsskóla og þeir fjármunir sem komið hafa inn verið notaðir til kaupa á tækjum og búnaði sem notaður er við uppsetningar sýninganna. "Þegar við byrjuðum var ekkert til og við vissum að lítið var um peninga sem hægt væri að veita í þetta. Nú hefur okkur tekist að vinna okkur inn fyrir því nauðsynlegasta eins og ljósum og hljóðkerfi. Borgin hefur ekki þurft að leggja krónu í þetta og þannig má segja að leiklistarstarfsemi hér hafi staðið undir sér. Okkur hefur tekist að safna um þremur og hálfri milljón með aðgangseyri á þessum tíma"

Halli segir að reynslan af að vinna með nemendum í Ölduselsskóla öll þessi ár hafi ýtt undir hugmynd um að stofna ætti Leikfélag Breiðholts. "Við erum um 20 þúsund manna samfélag og það eru starfandi áhugaleikhús í mörgum minni samfélögum bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og víða út um land. Ég get nefnt leikfélag Kópavogs og Leikfélag Hafnarfjarðar sem dæmi. Það sem helst gæti staðið þessari hugmynd fyrir þrifum eru húsnæðismál en við höfum ekki tiltæklt húsnæði í Breiðholtinu á borð við Salinn í Kópavogi eða Bæjarbíó í Hafnarfirði. Þá eru til salir sem notast mætti við alla vega í byrjun. Í skólunum og svo er ágætur salur í Gerðubergi sem örugglega mætti nýta betur en gert er. Ég hef stundum sagt að okkur vanti virkari menningarhús. Gerðubergið er gott svo langt sem það nær en okkur vantar húsnæði sem gæti hýst tónleikahald og leiksýningar og aðrar menningartengdar uppákomur."

50 ára saga Breiðholts gæti verið uppistaða í verk

En sér Halli fyrir sér efnistök. "Já við gætum alveg byrjað með að búa til verk sem segði sögu Breiðholtins í tali og tónum. Ég er af fyrsti kynslóð Breiðhyltinga. Ólst upp í Bökkunum og fylgdist með þessari byggð rísa og vaxa, fyrst sem barn og síðan unglingur og fullorðinn. Það er mikill hugmyndabrunnur fólgin í þessari sögu sem hægt væri að endursegja með ýmsum hætti á leiksviði."

Haraldur Reynisson Halli Reynis með leikhópnum á sviðinu í Ölduselsskóla.

ÞENA
HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

BUTTERFLY

BORÐTENNISBORÐ

PLAYBACK borðtennisborð frá BUTTERFLY
m/neti, blá eða græn 19mm borðplata
Verð: 59.478 kr m/vsk -

Ping Pong.is

pingpong.is - Síðumúla 35 (að aftanverðu)- S: 568 3920

EITT KORT
34 VÖTN
7.900 kr.

VEIÐIKORTIÐ 2018

Vatnaveiði er fjölskylduvæn útivist.
Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.

Sölustaðir:
N1 - OLÍS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivöruverslanir um land allt.
Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

Iðnaðarmenn, verktakar og aðrir,
kerrurnar frá HUMBAUR
hafa margsannað sig á Íslandi,
stórar sem smáar!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm
með sturtum. Verð kr: 229,839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201,612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169,355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, 205x109, mál: 5x30cm. Verð kr: 120,888,- án vsk.

Topplausnir
WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

15 hæða háhýsi við Eddufell 2-6?

Séð frá Drafnarfelli yfir til Eddufells. Verði hugmyndin um íbúðaturninn eða aðra byggingu að veruleika verður þjónustubyggingin fremst á myndini rifin og íbúabyggingunni komið fyrir á þeim stað.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Í því ágæta blaði, Breiðholtsblaðinu, birtist grein í febrúar sl. undir fyrirsögninni: „Háhýsi við Eddufell 2-6“. Þar segir m.a: „Nýlega var samþykkt á fundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur fyrirspurn GP-arkitekta varðandi byggingu 15 hæða húss við Eddufell 2-6 í efra Breiðholti, sem hýsa á alls 50 íbúðir af margvíslegum stærðum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og hefur nú verið lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12 .jan. 2018. Hugsanleg bygging stórhýsis við Eddufell er því komin í farveg hjá Reykjavíkurborg“.

Einnig segir í fréttinni: „Tillagan um háhýsi við Eddufell 2 til 6, sem samþykkt var af skipulagsfulltrúa þann 12. janúar sl.. er því í fullkomnu samræmi við hugmyndir og markmið aðalskipulagsins um þéttingu byggðar í Breiðholti sem annars staðar í borginni „ Hvorki meira né minna.

Í niðurstöðu skipulagsfulltrúa segir m.a:

„Meðal annars þar sem efra Breiðholtið er í eðli sínu þétt og háreyst byggð þá þykir hugmynd um hærri byggingu á þessum stað áhugaverð og þess virði að skoða hana vel. Í þeirri skoðun þarf að horfa til svæðisins alls, meðal annars m.t.t. þarfa þess fyrir m.a. íbúðgerðir, húsahæðir og innviði. Nú er í vinnslu hverfaskipulag fyrir Breiðholt sem borgarhluta og þetta hverfi sérstaklega. Í þeirri vinnu verður farið sérstaklega yfir stefnumörkun þessa svæðis/þessarar lóðar.“

Ótrúlegt að láta sér detta þetta í hug

Það er hreint út sagt ótrúlegt að skipulagsyfirvöld í Reykjavík láti sér detta í hug þann möguleika, að byggður verði 15 hæða íbúðaturn á þröngum bletti, þétt við eina mestu umferðargötu í Fellunum.

Í Fellahverfi er þéttleiki byggðar töluvert meiri en í öðrum úthverfum borgarinnar. Í Aðalskipulagi Rvk. 2010 til 2030 segir m.a. um byggingu háhýsa: „Háhýsi verða ekki heimiluð nema að ákveðnum kröfum og skilyrðum uppfylltum“. Einnig segir: „Viðmið fyrir mat á umhverfisáhrifum háhýsa í hverfis- og deiliskipulagi. Háhýsi og kennileiti verði ávallt metin út frá aðliggjandi byggð og umhverfi, legu í náttúrulegu landslagi, áhrifum á ásýnd, útsýni og sjónásum, skuggavarpi og aðlögun að viðkomandi götumynd og borgarrými. Settar verði ákveðnar gæðakröfur um útlit þeirra, skýr rök færð fyrir tilgangi þeirra og útskýrt með hvaða hætti þau bæta aðliggjandi byggð og samfélag“.

Svo mörg voru þau orð og yfirlýsingar. Það mætti t.d. spyrja hvort umhverfis- og skipulagsráð hafi útskýrt á einhverju stigi fyrir íbúum í Fellahverfi á hver hátt með hvaða hætti þessi 15 hæða turn „bæti aðliggjandi byggð og samfélag“.

Ef borgaryfirvöld vilja endilega heimila byggingu 15 hæða íbúðarturns á þessu þrönga bletti, þétt við mikla umferðargötu og nærliggjandi íbúðar hús, þar sem gert er ráð fyrir á 1. hæð verði verslanir en á 14 hæðum 50 íbúðir , þá hefði það verið lágmarkstillitssemi að kynna þessi áform formlega fyrir íbúum Breiðholts, sérstaklega fyrir íbúum í Fellahverfi, áður en þau voru samþykkt á fundi skipulagsfulltrúa, en ekki í stuttri frétt í því ágæta blaði, Breiðholtsblaðinu.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, íbúi í Breiðholti í 38 ár.

Breiðholtslaug

Allir ættu að geta fundið heilsurækt við hæfi

- segir Sólveig Valgeirsdóttir forstöðumaður

Löng bið eftir góðri aðstöðu til líkamsræktar í Breiðholti er loks á enda en í nóvember 2016 opnaði World Class líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug. Óhætt að segja að Breiðhyltingar hafi tekið henni fagnandi enda aðsóknin gríðarlega góð.

Í kjölfar opnunar stöðvarinnar hafa verið gerðar töluverðar breytingar á aðstöðu laugarinnar og má þar m.a. nefna að skápum hefur verið fjölgað, afgreiðsla stækkuð og settur upp sérklefi sem vonandi verður hægt að opna í mars. Sá klefi á að nýtast þjónustuþegum sem t.d. eru með aðstoðarmann af gagnstæðu kyni eða þeim sem af einhverjum ástæðum geta ekki nýtt sér almenningsklefa. Þá hefur laugin fengið nýja lyftu sem á að gera hreyfihömluðum kleift að fara ofan í stóru útilaugina og einnig kemur til að með að vera önnur slík lyfta til að komast ofan í innilaugina.

Vinna við hönnun á frekari breytingum er hafin en til stendur að setja kaldan pott, útiklefa og skipta út annari rennibrautinni fyrir stærri braut. Þá verður umhverfið í kringum vaðlaug lagað og sett upp skemmtileg vatnsleiktæki.

Starfsmannaaðstaða í Breiðholtslaug hefur verið stækkuð og frekari breytingar á starfsmannaaðstöðu standa fyrir dyrum enda ekki síður mikilvægt að hlúa vel að starfsmönnum.

Það ættu allir að geta fundið heilsurækt við hæfi í Breiðholtslaug því auk líkamsræktarstöðvarinnar er boðið upp á vatnsleikfimi 2x í viku á mánudags- og miðvikudagsmorgnum þar sem hægt er að mæta án þess að skrá sig. Þá er í boði námskeið í vatnsleikfimi á mánudags – og miðvikudagskvöldum og garpasund og skriðsundsnámskeið á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum. Þriðja miðvikudagskvöld í mánuði er samflot og geta gestir fengið lánaðar flothettur. Á sundlauganótt sem var í febrúar var gestum boðið uppá jóga í vatni sem mæltist vel fyrir og er á döfinni að bjóða upp á slíkt námskeið. Þá er ungbarnasund á laugardagsmorgnum og sundfélagið Ægir bíður uppá sundnámskeið fyrir byrjendur auk þess sem æfingar hjá félaginu fara m.a. fram í Breiðholtslaug.

Við hvetjum íbúa á öllum aldri til að nýta sér frábæra aðstöðu og fjölbreytt framboð hreyfingar og slökunar í Breiðholtslaug.

Fólk nýtur hvíldar og félagsskapar í heitu pottunum en aðrir njóta þess að taka sundsprett í Breiðholtslaug.



Þriðja miðvikudagskvöld í mánuði er samflot og geta gestir fengið lánaðar flothettur.

LANDAKOTSSKÓLI

ÖRFÁ LAUS PLÁSS

í 10. bekk næsta vetur

Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli. Í skólanum er vinalegt og metnaðarfullt andrúmsloft.

Áhersla er lögð á stærðfræði, íslensku, raungreinar, menningu og listir.

Nemendur í unglingadeild hafa náð góðum árangri í samræmdum prófum, einkum í ensku og stærðfræði.

Örfá pláss eru nú laus í 10. bekk og í alþjóðadeild næsta vetur en biðlistar í alla aðra bekki.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á skólastjóra:

Ingibjörg Jóhannsdóttir
ingibjorg@landakotsskoli.is

Landakotsskóli
Túngötu 15, 101 Reykjavík
www.landakotsskoli.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Hvað lætur mér líða vel?

- ljósmyndabók og sýning frá frístundaheimilunum í Breiðholti

Vorið 2017 hlaut frístundamiðstöðin Miðberg styrk frá Þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þess að gefa út ljósmyndabók barna frá frístundaheimilunum i Breiðholti.

Verkefnið hófst haustið 2017 og var þema þess: „Hvað lætur mér líða vel?“. Börnin tóku myndir af einhverju í nærumhverfi sínu sem gefur þeim vellíðan. Ljósmyndin mátti því vera af nánast hverju sem er, hlut eða athöfn, jafnvel af einhverju sem okkur hinum finnst ómerkilegt en hefur merkingu í auga ljósmyndarans. Markmiðið var að vekja börnin til umhugsunar um eigið umhverfi, að virkja sköpunargáfu þeirra og auka áhuga á ljósmyndun sem tæki til listrænnar tjáningar.

Hópur barna sem tók þátt í verkefninu með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

Sýning í Tjarnarsal Ráðhússins, Árbæjarsafni og Gerðubergi

Fyrsta mars var haldin opnun á ljósmyndasýningunni og útgáfuteiti fyrir ljósmyndarana og aðstandendur þeirra í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Ljósmyndararnir fengu afhenta ljósmyndabók með öllum myndunum úr verkefninu. Myndirnar sjálfar voru mjög skemmtilegar og fjölbreyttar og er gaman að sjá að heiminn með augum barnanna. Myndefnið var fjölbreytt, meðal þess má nefna: Pokemon perl, niðursuðudós með ananas, fótbolti, skákborð og gullfiskar.

Sýningin var uppi í Ráðhúsi Reykjavíkur helgina 2. til 4. mars. Því næst var hún flutt í Árbæjarsafn, þar sem hún verður næstu vikur. Sýningin verður síðan sett upp í Gerðubergi yfir Barnamenningarhátíð, 17. til 22. apríl.

Hér má lesa nokkur dæmi um texta sem fylgdu myndum barnanna:

„Mér líður vel þegar ég perla. Út af því að perlurnar eru litríkar og þægilegar. Síðan ef maður er pirraður og fer að perla, lagast það strax.

„Ananasinn minn er svo sætur og ég elska hann. Ananasinn er geymdur á borðinu í herberginu mínu. Ananasdósin lætur mér líða vel því það er uppáhalds maturinn minn.“

Hópur barna með með ljósmyndabókina.

„Mér finnst gaman í fótbolta. Þá hitti ég vini mína! Ég æfi fótbolta hjá ÍR og er á hægri kant, sem mér finnst mjög gaman.“

„Að tefla við vini mína er það skemmtilegasta sem ég geri í Álfheimum og það lætur mér líða vel. Ég er líka langbestur í skák, allavega í Álfheimum.“

„Fiskar, því þeir eru svo krúttlegir.“

SKÓGARBÆR

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn

Sumarstörf við umönnun aldraðra og í eldhúsi Skógarbæjar

Okkur vantar nokkra hressa og frábæra einstaklinga til að leysa af í sumar

Um er að ræða fjölbreytt störf sem kalla á frumkvæði og ábyrgð í starfi. Störfin kefjast sjálfstæðra vinnubragða og lipurðar í mannlegum samskiptum.
Öllum umsóknum verður svarað.

Unnið er á vöktum og starfshlutfall samkomulag.

Upplýsingar gefa:
Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri í síma 510-2101
jonbjorg@skogar.is
Olga Gunnarsdóttir forstöðumaður eldhús í síma 510-2145
olga@skogar.is

40% Afsláttur

Af öllum okkar vörum
Demants-
Gull & Silfur skart
Úr frá Boss – Festina
DKNY – Tissot – Bering
Vasaúr – Klukkur
Skák- og Skeiðklukkur
Veðurstöðvar
Hitamælar
Skírnargjafir

GULL - ÚRIÐ
Axel Eiríksson
Úrsmíðameistari
Álfabakka 16 Mjóddinni Sími 587 4100

Borgaryfirvöld virðast ekki hafa áhuga á hverfinu okkar

Hverfi borgarinnar mynda nærsamfélög þeirra einstaklinga sem þar búa. Nærsamfélag tekur til ýmissa þátta í nánasta umhverfi einstaklinga, eins og vegamála, bygginga, skipulagðrar opinberrar starfsemi, þjónustu og innbyrðis tengsl við aðra íbúa. Borgaryfirvöld hafa því mikið að segja um nærsamfélag einstaklinga en áhugavert er að íhuga hvernig borgaryfirvöldum hefur tekist að rækja það hlutverk sitt á undanförnum árum.

Í samtölum mínum við fjölda fólks í mínu nærsamfélagi í gegnum tíðina, þ.e. Breiðholti, og þá sérstaklega síðustu ár, hljómar alltaf sama stefið: Borgaryfirvöld virðast ekki hafa jafnmikinn áhuga á hverfinu okkar og öðrum hverfum borgarinnar. Það er auðvitað ekki vísindaleg aðferð að vísa í samtöl við fólk þegar málefni hverfisins eru rædd en á meðan Reykjavíkurborg neitar að taka þátt í þjónustukönnunum er fátt annað í stöðunni. Gallup sá um framkvæmd þjónustukönnunarinnar og hafði Reykvíkinga inn í úrtakinu til þess eins að fá samanburðarniðurstöður. Niðurstaða könnunarinnar var sláandi en Reykjavík kom langverst út af öllum sveitarfélögum á landinu. Í stað þess að finna lausnir og bæta þjónustu við ósátta borgarbúa voru viðbrögð borgarfulltrúa úr meirihlutanum við niðurstöðunni á þá leið að gera lítið úr umræddri þjónustukönnun. Þessi viðbrögð borgarfulltrúa meirihlutans renna stoðum undir upplifanir íbúa í Breiðholti sem minnst var á hér að framan.

Kosið um sjálfsagt viðhald

Egill Þór Jónsson.

Viðhaldsleysi í hverfinu hefur einnig verið til umræðu, m.a. í tengslum við rafræna kosningu „Betri Reykjavík“ sem fór fram nýlega. Í þeirri kosningu voru íbúar hverfisins svo „heppnir“ að fá að velja á milli sjálfsagðs viðhald og um nýframkvæmdir í hverfinu. Vilt þú sparkvöll fyrir barnið þitt í hverfið eða lagfæra svæði við færanlegar kennslustofur við Seljaskóla? Auðvitað vil ég sparkvöll en geri um leið kröfu um að aðbúnaður barna og starfsmanna Seljaskóla sé í lagi. Það er öllum ljóst að nauðsynlegt viðhald á eignum borgarinnar ætti að vera sjálfsagt mál en ekki valkostur sem stillt er upp á móti öðrum kosti með ósanngjörnum hætti þannig að íbúar í hverfinu standa frammi fyrir valkreppu.

Til þess að skapa gott nærsamfélag í hverfum borgarinnar er mikilvægt að öll hverfi borgarinnar hafi málsvara í borgarstjórn, hlustað sé á þarfir íbúa og hverfum sýndur sá áhugi og virðing sem þau eiga skilið. Þessu þarf að breyta.

Egill Þór Jónsson
Höfundur er formaður Sjálfstæðisfélagsins í Hóla- og Fellahverfi. Þá skipar hann jafnframt 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar

Íþróttaiðkun er besta forvörnin fyrir börn og unglinga

Hér á landi sem annarsstaðar hafa foreldrar áhyggjur af hreyfingarleysi barna sinna og ofþyngd, enda ofþyngd eitt stærsta heilsufarsvandamál þjóða heims. Rannsóknir sýna að virk þátttaka í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi skilar miklum árangri í forvarnarstarfi til að bæta andlega og líkamlega heilsu barna, unglinga og fullorðinna.

UMFÍ og ÍSÍ hafa lagt mikla áherslu á íþróttir sem mikilvægan þátt í að bæta lýðheilsu landsmanna í samstarfi við íþrótta- og ungmennafélög um land allt. Eins og gefur að skilja er rekstur og skipulag faglegrar íþróttastarfsemi íþróttafélögum kostnaðarsamur. Of margir foreldar, t.d. einstæðir með mörg börn, geta átt erfitt með að bjóða börnum sínum að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi vegna kostnaðar sem því fylgir, en miklu skiptir að börn efnaminni foreldra geti einnig tileinkað sér þann heppilega lífstíl að stunda íþróttir.

Flest sveitarfélög eins og Reykjavík hafa á undanförnum árum hvatt foreldra til að beina börnum sínum í íþróttir með því að greiða hluta kostnaðar barnanna til viðkomandi íþróttafélags en það dugar skammt fyrir barnmargar fjölskyldur, einkum ef börnin hafa áhuga á fleiri en einni íþróttagrein. Miðflokkurinn ætlar að hækka frístundastyrkinn verulega með hverju barni strax í upphafi kjörtímabils svo börn geti iðkað fleiri en eina íþróttagrein. Komið verður á sérstökum styrkveitingum til foreldra í erfiðleikum svo börn þeirra geti stundað íþróttir og tekið þátt í skóla- og íþróttaferðum. Markvisst verður farið í uppbyggingarvinnu og forvarnarstarf með íþróttafélögum.

Íþróttafélög um allt land hafa með aðstoð sveitarfélaga, fyrirtækja og sjálfboðliða kappkostað að byggja keppnisvelli og íþróttahús en samt þarf átak í þessum málum svo þessi félög geti boðið iðkendum sínum upp á þátttöku í fleiri íþróttagreinum. Starfsemi ÍR í Breiðholtshverfinu er dæmi um virkilega góða og markvissa starfsemi. Miðflokkurinn mun styðja að Reykjavíkurborg standi við loforð sín um hraða uppbyggingu betri aðstöðu á ÍR svæðinu og fjölga spark-, handbolta- og körfuboltavöllum í hverfinu.

Því miður hafa margir stjórnmálamenn ekki enn áttað sig nægilega á mikilvægi íþrótta- og æskulýðsstarfs sem forvarna í þágu lýðheilsu. Miðflokkurinn ætlar að leggja aukinn kraft og fjármuni í forvarnir í samstarfi við íþróttahreyfinguna og önnur frjáls félagasamtök og vill eiga samvinnu við sveitarfélög um allt land,

Jón H. Magnússon

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson.

skóla og foreldra til að auðvelda foreldrum þátttöku barna sinna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi. Ferðakostnaður innanlands dregur allt of mikið úr íþróttaiðkun barna og unglinga sérstaklega á landsbyggðinni. Við því þurfa stjórnvöld að bregðast með því að auka framlag sitt til Ferðasjóðs íþróttafélaganna.

Miðflokkurinn vonar að aðrir stjórnmálaflokkar styðji það mikilvæga forvarna- og lýðheilsustarf sem íþróttir eru til að bæta heilsu barna okkar og unglinga, þeim og foreldrum þeirra til mikillar ánægju og lífsgleði. Hvað finnst þér lesandi góður?

Jón Hjaltalín Magnússon, verkfræðingur og frambjóðandi Miðflokksins í Reykjavík

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, markþjálfi og frambjóðandi Miðflokksins í Reykjavík

Áfram skíði – komið að æfa

Margrét Björt og Dagný Björt eru duglegar og skemmtilegar systur sem æfa skíði hjá skíðadeild ÍR. Margrét er níu ára og Dagný er fimm ára. Þær búa í Seljahverfi og fara á skíðaæfingar hjá ÍR í Bláfjöllum.

Við lögðum fyrir þær nokkrar spurningar:

Í hvaða skóla ertu?
Margrét: Seljaskóla
Dagný: Leikskólanum Hálsaskógi

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?
Margrét: Að æfa skíði, skíða frjálst með mömmu minni, spil handbolta,vera með vinum
Og syngja
Dagný: Hjóla úti, leika við vini mína og vera á skíðum

Hvað ertu búin að æfa skíði lengi?
Margrét: 3 ár
Dagný: 1 ár

Hvað er skemmtilegast við að æfa skíði?
Margrét: Að vera í stórsvigi, gista í skálanum með hinum krökkunum og fara til Austurríkis.
Dagný: Þegar við gistum í skálanum og vera með krökkunum á æfingum.

Hver er uppáhaldsliturinn þinn?
Margrét: ljósblár
Dagný: blár

Lokaorð:
Margrét: Áfram skíði, komið að æfa!
Dagný: Áfram skíði.

Dagný og Margrét duglegar skíðastelpur í ÍR.

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum
í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurveri, Snyrtivöru-búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif
höfuðhandklæði
elfursif@internet.is gsm 660 8860
Nánar um sölustaði á facebook

Húsfélagaþjónusta
Eignaumsjón leiðandi í 17 ár
√ Bókhald og fjármál
√ Húsfélagafundir
√ Mínar síður
√ Húsbók þjónustusaga húss
√ Auk annarrar þjónustu

EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

ÍR-ingar hársbreidd frá deildarmeistaratitli

Karlalið ÍR í úrvalsdeild, Domino´s deildinni í körfubolta tryggði sér á dögunum annað sætið í deildarkeppninni með sigri á Keflavík á útivelli.

Tólf lið léku tvær umferðir í deildarkeppninni og lið ÍR náði frábærum árangri með því að vinna 16 leiki af 22 og hlaut 32 stig aðeins tveimur færra en Haukar sem unnu deildarmeistaratitilinn með 17 sigrum og 34 stigum. Árangur ÍR-inga í deildarkeppninni nú er sá besti á þessari öld en liðið náði 3. sæti í deildarkeppninni árið 1995, 6. sæti árið 2005 og komst í fjögurra lið úrslit sama ár.

Rimman um Íslandsmeistaratitilinn sjálfan hefst 15. mars þar sem átta efstu liðin í deildinni berjast í fimm leikja einvígjum. ÍR-ingar leika gegn liði Stjörnunnar sem náði 7. sæti í deildarkeppninni. ÍR þarf að vinn

þrjá leiki í fimm leikja seríu gegn Stjörnunni til að komast í fjögurra liða úrslit.

Stemmningin á leikjum ÍR-liðsins í vetur í Hertz-hellinum í Seljaskóla hefur verið mögnuð og nú er tækifæri fyrir alla ÍR-inga og Breiðholtsbúa að fjölmenna og styðja topplið ÍR í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn.

ÍR bar sigur úr bítum

Lið ÍR bar sigur býtum í 12. bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands innanhúss sem fór fram í Kaplakrika í dag. Sveit ÍR setti Íslandsmet í 4×200 m boðhlaupi kvenna á tímanum 1:38,43. Sveitina skipuðu þær Tiana Ósk Whitworth, Helga Margrét Haraldsdóttir, Aníta Hinriksdóttir og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir. Aníta setti einnig mótsmet í 1500 m hlaupi kvenna á tímanum 4:34,68 mín og Hulda Þorsteinsdóttir setti mótsmet í stangarstökki kvenna með stökki upp á 4,25 m.

Lið ÍR hlaut 103 stig, jafnmörg og FH-A, sem var í 2. sæti, en okkar fólk sigraði í fleiri greinum en lið FH. Breiðablik hafnaði í 3. sæti. Til viðbótar við greinarnar sem nefndar eru að ofan sigruðu ÍR-ingar í fimm greinum. Ívar Kristinn Jasonarson sigraði í 400 m hlaupi karla á tímanum 48,25 sek, Einar Daði Lárusson í 60 m grindahlaupi karla á tímanum 8,39 sek, Tiana Ósk sigraði í 60 m hlaupi kvenna á tímanum 7,62 sek og í kúluvarpi sigruðu ÍR-ingar hjá körlum og konum, Óðinn Björn Þorsteinsson kastaði 16,48 m og Erna Sóley Gunnarsdóttir varpaði kúlunni 13,68 m.

ÍR-ingar höfðu einnig sigur í stigakeppni kvenna og hlutu þar 51 stig, tveimur stigum meira en FH-A. Í karlakeppninni höfðu FH-ingar betur og sigruðu með sama mun.

Flott byrjun hjá Thelmu og Guðna Val

Thelma Lind Kristjánsdóttir hafnaði í 9. sæti í kringlukasti 23 ára og yngri á Evrópumótinu í kastgreinum í Leiria í Portúgal um liðna helgi. Thelma Lind kastaði 47,52 metra sem er fimmta lengsta kastið hennar á ferlinum en hún á best 50,42 m síðan árið 2016 en lengst kastaði hún 49,53 m í fyrra.

Guðni Valur Guðnason sigraði kasthóp B með kasti upp á 61,82 m næstum 1 metir lengra en næsti maður. Kastsería hans var: 57,30m, 58,44m, 57,90m, 59,70m,

61,82m, óg. Árangurinn gefur 1094 stig og er ársbesti árangur Guðna og um 1 metir lengra en hann kastaði lengst í fyrra, 60.94m. Besti árangur Guðna er 63,50m síðan 2015, en þessi árangur nú er hans þriðji besti frá upphafi en næst lengsta kast hans er 3 cm lengra, 61,85m. Í kastgrúppu A var lengsta kast 66,81m, en árangur Guðna í mótinu gaf honum 6. til 7. sætið.

Helena Ósk með bestan árangur ÍR-inga

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram í Kaplakrika og sendi ÍR 12 keppendur til leiks en alls voru 124 keppendur skráðir frá átta félögum og liðum, þar af sendi HSK A og B lið. Fjölnir og Afturelding sendu sameiginlegt lið sem og Katla-KR. Fínn árangur náðist á mótinu, töluvert um bætingar á besta árangri og hart barist í flestum greinum. Sett voru fjögur mótsmet og eitt aldursflokkamet leit dagsins ljós þar var á ferðinni Eva María Baldursdóttir sem gerði sér lítið fyrir og stökk 1.72m í hástökki 15 ára stúlkna.

Bestum árangri ÍR-inga náðu Helena Ósk Hallgrímsdóttir í hástökki 1.55m og 2. sætið, Brynja Hrönn Stefánsdóttir í 60m grindahlaupi, 10.22 sek sem er hennar besti árangur sem skilaði henni bronsverðlaunum og Bryndís Eiríksdóttir í 1500m, 5:57,85 mín og bronsverðlaun. Magnús Örn Brynjarsson varð þriðji í 400 m hlaupi á tímanum 60,38 sek og Einar Andri Víðisson fékk bronsið í 1500 m hlaupi og var tími hans 4:51,30 mín.

Sveit ÍR í 4 x 200m boðhlaupi náði einnig í bronsverðlaun.

ÍR hafnaði í 3. Sæti með 74 stig, 6 stigum á eftir Ármanni en HSK A sigraði með 113 stig. ÍR piltar urðu í 3. Sæti í sinni stigakeppni með 31 stig og ÍR stúlkur urðu í 4. Sæti með 43 stig.

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ALLTAF FULLT BORÐ AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM
Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.
FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD

ÁFRAM ÍR

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30
Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30
Föstudaga
13:00-14:30
Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

1X2
GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

Heimasíða
www.ir.is

SNIÐUG KOMBÓ Á GÓÐU VERÐI

ICELAND MEAL IN A BAG
ICELAND 2 GARLIC BREAD BAGUETTES
2L PEPSI
1297KR

ICELAND MEAL FOR ONE
0,5L APPELSÍN
498KR

ICELAND 10 DUCK SPRING ROLLS
ICELAND 16 VEGETABLE SPRING ROLLS
2L PEPSI MAX
897KR

ICELAND DEEP PAN PIZZA
1L KÓK
499KR

10 SS VÍNARPYLSUR
10 MYLLU PYLSUBRAUð
2L PEPSI MAX
1399KR

ICELAND 35 FISH FINGERS
ICELAND CRINKLE CUT CHIPS
2L PEPSI
1297KR

MEAL FOR THE FAMILY - 1KG
ICELAND 2 GARLIC BREAD BAGUETTES
2L PEPSI
1397KR

CHICAGO TOWN PIZZA
1L COKE
499KR

ICELAND MEAL FOR ONE
KRISTALL 0,5L
498KR

ICELAND MEAL FOR ONE
0,5L MOUNTAIN DEW
498KR

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR